

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratus Hvalfjörður

Dags eftirlits	5.11.2014	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Kratus	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Matthías Matthíasson	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik komu fram í eftirlitinu. Þrjár athugasemdir voru gerðar við starfssemina. Engar kvartanir sem rekja má til starfseminnar hafa borist frá síðasta eftirliti.

Enn eru útistandandi tvö frávik úr eldri eftirlitum:

Úr eftirliti 13. nóvember 2013, frávik frá gr. 2.15: Útflutningur á síuryki til endurvinnsluaðila er ekki hafinn og því er því safnað fyrir á lóð verksmiðjunnar. Almennan framleiðsluúrgang þ.m.t. síuryk skal skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang eða koma í lögmætan endurvinnsluferil. Varanleg geymsla hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil.

Úr eftirliti 23. apríl 2014, frávik frá gr. 2.13: Fínryki hefur ekki verið skilað til viðeigandi spilliefnamóttöku og hefur safnast upp hjá rekstraraðila og í geymslum á hans vegum. Skv. starfsleyfi skal spilliefnum skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku og ávallt gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum. Rekstraraðili hefur nú hætt að sigta fínryk frá hráefni sínu og hefur nú byrjað að nýta uppsafnað fínryk í framleiðsluna. Ekki er ljóst hversu langan tíma það mun taka að klára birgðirnar, en þær eru geymdar í geymslu við Vogatungu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir skráningar, sbr. grein 3.2 í starfsleyfi, en skráningum hafði áður verið ábótavant og var það skráð sem frávik í seinna eftirliti síðasta árs. Skráningablöð reyndust vera í notkun og aðgengileg í möppu. Haldin er skrá yfir magn spilliefna, þ.e. saltköku og síuryks, þá er atvikaskráning og eins eru pokaskipti í síuhúsínu skráð á tilgert eyðublað. Í atvikaskráningu er fjallað um atvik sem kom upp 31/10 sl. en þá rauk ofninn upp í hita og því fylgdi mikið ryk og reykur. Framleiðslan var þá stöðvuð og sýni tekið úr saltinu sem var í notkun og það sent til efnagreiningar.

Um 2000 tonn af saltköku voru flutt úr landi í ágúst, skv. tölvupósti rekstraraðila dags. 21. ágúst sl. og var fínryk þá flutt í geymslu í Vogatungu. Upp safnaðar birgðir eru nú u.b.b. 300 tonn af saltköku, 756 tonn af fínryki (sem verða nýtt í framleiðsluna) og 118 tonn af síuryki. Efnið er vigtað og magnið skráð áður en það er keyrt í geymslu.

Saltkaka er ekki lengur geymd í gánum á lóð. Hún er nú kæld innandyra og geymd þar þangað til hún er keyrð í geymslu við Vogatungu. Saltkakan er flutt óvarin á vörubíl í góðu veðri.

Eina efnið sem er nú geymt utandyra eru álflok, en Kratus hefur móttekið óvenju mikið magn af þeim upp á síðkastið og er það geymt í uppstöfluðum hálfgánum á baklóðinni og í hrúgu þar.

Ekki munu safnast upp meiri birgðir af fínryki þar sem það er ekki lengur sigtað frá álgjallinu fyrir vinnslu. Unnið er á uppsafnaðar birgðir með því að nýta fínrykið í framleiðsluna.

Fulltrúi rekstraraðila benti á að það væri hagkvæmara fyrir fyrirtækið að flytja út 3000 tonn af saltköku í einni ferð frekar en 2000 tonn og því væri takmörkun við það magn, sbr. gr. 2.14 í starfsleyfinu óheppileg. Fulltrúar Umhverfisstofnunar bentu á að þetta atriði mætti taka til skoðunar, en þá yrði rekstraraðili að senda beiðni um breytingu starfsleyfis til stofnunarinnar eða beiðni um undanþágu til ráðuneytisins.

Farið var í skoðun um verksmiðju og lóð. Vart var við ammoníak lykt í vinnslusal og vakna upp spurningar um loftun og vinnuverndarskilyrði. Umhverfisstofnun mun senda ábendingu til Vinnueftirlitsins.

Vinnslusalur var að öðru leyti snyrtilegur og umgengni góð. Lóð rekstraraðila er enn ófrágengin og án bundins slitlags. Fyrirhugað er að byggja við húsið og ganga frá lóð í framhaldi.

Fyrirtækinu ber að taka þátt í sameiginlegri umhverfisvöktun iðjuvera á Grundartangasvæðinu. Fulltrúa rekstraraðila sem var viðstaddir eftirlitið var ekki kunnugt um hvort samningur um það væri frágenginn.

Í seinna reglubundna eftirliti síðasta árs þá voru síur úr steypurennum í álverum sem eru ekki ætlaðar til álendurvinnslu og var þetta skráð sem frávik. Engar síur úr steypurennum voru sjánlegar á lóð núna.

ATHUGASEMDIR

1. Vart var við ammoníak lykt í vinnslusal og vakna upp spurningar um loftun og vinnuverndarskilyrði.
2. Umhverfisstofnun telur æskilegt að verja saltköku fyrir veðri og vindum við flutning, t.d. þekja með segldúk.
3. Lóðin er ófrágengin og breytist í forarpytt í vatnsveðrum. Þar sem rekstraraðili vinnur með spilliefni er hætta á mengun jarðvegs. Bundið slitlag yrði til mikilla bóta.

ANNAÐ

Framkvæma skal hljóðstigsmælingu fyrir árslok 2014, sbr. gr. 3.1 í starfsleyfi.

Minnt er á athugasemd við framkvæmd mengunarmælinga í eftirlitsskýrslu úr eftirliti sem fram fór 23. apríl sl. Umhverfisstofnun minnir rekstraraðila að hafa þetta til hliðsjónar við framkvæmd næstu mælingu.

Reykjavík, 21.11.2014

Eva Dögg Kristjánsdóttir

Eva Dögg Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á íþágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.